


# SAMÞYKKTIR

DEILISKIPULAG ÞETTA VAR SAMÞYKKT Í SKIPULAGSNEFND HAFNARFJARÐAR ÞANN: 24.03.'98

SKIPULAGSSTJÓRI HAFNARFJARÐARBÆJAR

DEILISKIPULAG ÞETTA, SEM FENGIÐ HEFUR MEÐFERÐ SKV. LÖGUM NR. 73/1997, VAR SAMÞYKKT Í BÆJARSTJÓRN HAFNARFJARÐAR ÞANN: 30.06'98

BÆJARSTJÓRI HAFNARFJARÐARBÆJAR

SKIPULAGSSTOFNUN HEFUR FENGIÐ ÞESSI GÖGN TIL YFIRFERÐAR SKV. LÖGUM NR. 73/1997

Iðnaðarsvæði á Hvaleyrarholti hefur verið í uppbyggingu allan seinni helming þessarar aldar. Til merkis um það er lóðarsamningur fyrir olíubyrgðarstöð gerður á árinu 1952 og gildir til ársins 2053.

Uppbygging var hæg framan af og "handahófskennd" í skilningi nútíma aðferða og þeirrar skipulagslöggjafar, sem nú gildir. Aðeins lág fyrir uppdráttur af fyrirkomulagi gatna sem viðmiðun við lóðarúthlutun og uppbyggingu á einstaka lóðum.

Á miðju ári 1986 var á skipulagsdeild bæjarins undirbúinn skipulagsuppdráttur, deiliskipulag, í samræmi við löggjöf, fyrir þetta svæði og hann samþykktur af Bæjarstjórn Hafnarfjarðar og síðan kynntur fyrir hagsmunaaðilum á svæðinu. Þessi uppdráttur var síðan kynntur fyrir Skipulagsstjórn ríkisins 11. mars 1987 og honum síðan breytt í samræmi við athugasemdir um að fækka bæri innkeyrslum frá Suðurbraut. Ekki var þá gengið frá þessu deiliskipulagi heldur var það haft til viðmiðunar við umfjöllun lóðarúthlutana og byggingarmála á svæðinu.

Ýmsar breytingar hafa verið leyfðar á lóðarskipan og skilmálum í umfjöllun um uppbyggingu á mörgum lóðum á undanförnum árum. Nú hefur þetta deiliskipulag verið fullgert með þeim breytingum sem orðið hafa við umfjöllun einstakra mála. Nokkrar lóðir eru eftir á svæðinu og er á þessum uppdrætti nanar kveðið á um hvernig haga skuli byggingum á þeim.

Miðað er við að á svæðinu verði iðnaður eins og kveðið er á um í aðalskipulagi og að hafnsækin starfsemi hafi forgang um lóðir á svæðinu.

Landnotkun á lóðunum að Melabraut 27 og 29 er þó breytt og á þeim gert ráð fyrir verslun og þjónustu. Að Melabraut komi einrar hæðar bygging fyrir dagvöruverslun sem þjónað geti byggð í Suðurbænum öllum. Þessu atriði verði jafnframt breytt í aðalskipulagi. Ekki er heimilt að gera ráð fyrir útigeymslu eða stæðum fyrir vinnuvélar og stóra bíla að lóðum við Melabraut að Suðurbraut. Rækta skal upp lóðir utan athafnasvæða og milli bílatæða og götu og sýna það á uppdráttum.

Að öðruleiti en hér segir gildir greinagerð með deiliskipulagi yfir svæðið frá 1986 unnin af Bjarka Jóhannessyni.

## HELSTU SKÝRINGAR

- GANGSTÉTTAR
- MÖRK SKIPULAGSSVÆÐIS
- INNKEYRSLUR
- HÚSNÚMER (nr.)
- ÞEGAR BYGGÐAR BYGGINGAR
- MÆNISSTEFNA
- BYGGINGARREITUR FYRIR NÝBYGGINGAR
- BÍLASTÆÐI

# SKIPULAG AF IÐNAÐARSVÆÐI Á HVALEYRARHOLTI

BÆJARSKIPULAG HAFNARFJARÐAR

ANNA MARGRÉT TÓMASDÓTTIR ARKITEKT

19 MAÍ 1998